



## Skýrsla sveitarstjóra -Sveitarstjórnarfundur 11. október 2016-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Aðalbókari Blönduósbæjar**

Jens P. Jensen hefur látið af störfum sem aðalbókari Blönduósbæjar. Sigrún Hauksdóttir hefur verið ráðin aðalbókari Blönduósbæjar frá og með 1. október sl. í tímabundið starf.

- **Ferð með þekkingrsetrinu á Blönduósi/Textílsetrinu á Blönduósi til Austurríkis**

Sveitarstjóri ásamt Jóhönnu Pálmadóttur, Katharinu Schneider og Erlu Gunnarsdóttur fóru til Haslach í Austurríki til að kynna sér starfsemi Textílsetrið í Haslach daganna 7-9 október sl. Þar fengum við kynningu á starfsemi Textílsetursins þar í borg. Textílsetrið tók til starf 2012 og byggir sína starfsemi á vefnaðarsögu borgarinnar en Haslach og nágrenni var á sínum tíma mjög þekkt fyrir sinn vefnað. Árið 2000 fór síðasta vefnaðarfyrirtækið í Haslach á hausinn. Það þýddi mikið högg fyrir samfélagið sem á sama tíma er að berjast við fækkun íbúa og fá atvinnutækifæri. Samfélagið í Haslach tók ákvörðun um að snúa þessari þróun við og kynnti fyrir stjórnvöldum í Austurríki og ESB áform að nýta vefnaðinn (sína sérstöðu) sér til framdráttar. Það tókst og síðan hafa miklir fjármunir streymt til þessa verkefnis. Miklir fjármunir komu frá ESB til viðhaldaframkvæmda á fasteignum sem nýta átti undir Textílsetrið og voru áður notuð til vefnaðarframframleiðslu. Eins hafa sveitarfélögin styrkt verkefnið vel.

Markmið Textílsetursins í Haslach eru eftirfarandi:

- Að viðhalda vefnaðarþekkingunni
- Viðhalda fasteignum og koma lífi í húsin
- Fjölga störfum



- Byggja á sérstöðu svæðisins.

Segja má að markmið okkar í Kvennaskólanum séu sömu og hjá Textílserinu í Haslach. Með samstilltu átaki og áframhaldandi vinnu við að gera Blöndusóbæ að Textílmíðstöð Íslands þá mun okkur að takast að ná því markmiði.

- **Framkvæmdir**

- Eftir er að tengja bæi við ljósleiðarann frá Fremstagili og framúr. Tengill sér um þá framkvæmd. Búið er að ljúka við að plægja alla strengi, stofnlagnir og heimtaugar. Gengið verður frá brunnum á næstu dögum og er þá jarðvinnu í verkinu lokið. Eftir er að draga ljósleiðara í rör innanbæjar á Blönduósi og út í sírstöð. Það verk er í umsjón Mílu sem er eigandi röranna og annast því framkvæmdina. Húnavatnshreppur tók við umsjón með verkinu þegar það var komið í Húnavatnshrepp. Í dag var verið að plægja við Auðólfsstaði.
- Búið er að mála Hnjúkabyggð 27 að utan og er viðgerðum lokið á þeim hliðum sem nú verða málaðar. Gluggar í fyrsta hluta hússins koma í síðari hluta október og verður farið í að koma þeim fyrir í framhaldi af því. Frestunin var að ósk framleiðenda glugganna en annar undirbúingur að pöntun á efni við frágang er á lokastigi.
- Vinna við Blöndubrú heldur áfram og var umferðinni hleypt á búnna þeim megin sem búið var að laga. Þessa daganna er verið að brjóta niður kantinn sunnanmegin á brúnni og steypa nýjan kant fyrir vegrið sem kemur á brúnna. Að því loknu verður klárað að endursteypa brúargólfið.
- Í framlagðri 10 ára samgönguáætlun á Alþingi er gert ráð fyrir framkvæmdum við Þverárfjallsveg (Skagastrandarveg) árið 2019-2022 (1.300 m.kr.) og eins er gert ráð fyrir að gerð verði göngubrú yfir Blöndu við Blönduós. Þetta er eitt af baráttumálum okkar að tryggja viðundandi göngutengingu í bænum og er því fagnaðarefni að sjá þessa viðurkenningu í verki en áætlaðar eru 85 milljónir í það verkefni.
- Unnið er að flutningi Þjónustumiðstöðvar en það liggur ekki fyrir hvenær húsnæðið verður afhent.
- Búið er að auglýsa Skúlabraut 35 til sölu og er ásett verð 14,5 milljónir. Búið er að undirrita söluumboð fyrir Skúlabraut 29 og verður hún auglýst



í framhaldi af því. Einnig er Skúlabraut 37 að koma inn í lok nóvember og verður hún auglýst til sölu á næstu dögum.

- Þessa daganna er verið að undirbúa umsókn um styrk vegna fyrirhugaðara framkvæmda í Hrútey og komiu starfsmenn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og hittu starfsmenn Blönduósbæjar í síðustu viku. Hluti af því verki var að samþykka að auglýsa nýtt deiliskipulag um Brautarhvamn sem við fjölluðum um hér fyrir á þessum fundi. Fram koma að hámarksstyrkur á síðasta ári var 28 milljónir og því ljóst að við verðum hugsanlega að áfangaskipta verkinu nema til komi sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda.
- Send var umsókn um byggðakvóta en frestur til þess rann út þann 10. október sl.